

56. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 6. apríl 2004 í fundarsal ráðhússins kl. 18:15.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.
Guðmundur Kristinsson,
Guðbrandur Björgvinsson,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Tangagata 9. Útlitsbreyting.
Bergur J. Hjaltalín og Ásdís H. Ásmundsdóttir, sækja um leyfi til þess að klæða íbúðarhús og bílskúr að Tangagötu 9 að utan með bárujárnri, einnig að setja hurð á suðurgafli á neðri hæð.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
2. Skólastígur 5. Útlitsbreyting.
Baldur Þorleifsson og Helgi Haraldsson, sækja um leyfi til þess að færa Skólastíg 5 í upprunanlegt form og lengja skúr um 1,2 m.
Teikningar Brynjars Danielssonar kt. 090467-5229 lagðar fram.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald
3. Tjarnarás 9 - 9a. Nýbygging
Skipavík hf. sækir um leyfi til þess að byggja raðhús við Tjarnarás 9 – 9a.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir útlitsteikningar dags. 15/03 '04.
Erindið samþykkt samhljóða. Gatnagerðagjald
4. Upplýsingaskilti Sæferða ehf.
Skipulags- og byggingarnefnd leitaði umsagnar Hafnarnefndar og er sammála niðurstöðu Hafnarnefndar að Sæferðir athugi með staðsetningu skiltis á eigin lóð.
5. Aukið land fyrir Kirkjugarð.
Erindi vísað frá bæjarráði, til Skipulags og byggingarnefndar.
Byggingarfulltrúa falið að gera tillögu um málið.
6. Umhverfismál.
Rætt var um umhverfismál almennt innan bæjarmarkanna, nefndin higgur á vettvangskönnun og í kjölfar hennar verður ritað bréf til þeirra er þurfa að taka sig á.
7. Önnur mál.
 - a) Erindi frá bæjarráði, sbr. bréf dags 30. janúar 2004.
Þorbjörg Lilja Jóhannsdóttir sækir um leyfi til þess að fjarlægja skúr. Vísað er í bréf dags. 02/04 '04.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Gretar D. Pálsson,(sign.), Guðbrandur Björgvinsson,(sign.), Guðmundur Kristinsson,(sign.), Sveinn Björnsson,(sign.).